

Hvalfjarðarsveit
Jökull Helgason
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202404-252/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Vestursvæði Grundartanga - Stækkun flæðigryfja - Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir vestursvæði Grundartanga í Hvalfjarðarsveit vegna stækkunar á flæðigryfja.

Í greinargerð kemur fram breyting á deiliskipulagi Vestursvæðis Grundartanga felst í því að afmarkað er sérstakt 4,2 ha efnislosunarsvæði sem nýtt verður sem flæðigryfja til viðbótar við eldri flæðigryfjur sem enn eru í notkun. Svæðið er innan stærra efnislosunarsvæðis/landfyllingar á hafnarsvæðinu þar sem gert er ráð fyrir hafnarbökkum og athafnasvæðum hafnar í gildandi deiliskipulagi. Í nýrri flæðigryfju skv. breytingu þessari er miðað við að urða megi u.þ.b. 293.500 m³.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn dags. 27. mars 2023 varðandi erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um umhverfismatskýrslu vegna áforma við gerð og rekstur nýrrar flæðigryfju á vestursvæði við Grundartanga og er flæðigryfjunni ætlað að taka við framleiðsluúrgangi frá fyrirtækjunum Elkem og Norðuráli.¹

Samantekt

Í samantekt umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi umhverfismatskýrslu segir:

Stefnur stjórnvalda og Umhverfisstofnunar fela í sér eflingu hringrásarhagkerfis og telur stofnunin umfjöllun skýrslunnar ábótavant m.t.t. þess. Fjalla þarf betur um þá úrgangsstrauma sem falli til og möguleikana sem eru til staðar fyrir hvern þeirra, annan en förgun á þennan hátt. Stofnunin telur vanta talsvert upp umfjöllun um valkosti í umhverfismatskýrslunni. Bendir stofnunin á að verði núllkosturinn ofan á, þ.e. að ekki verði útbúnað frekari flæðigryfjur, er framkvæmdaraðilum ekki heimilt að safna upp úrgangi á lóðum sínum eins og kemur fram í umfjöllun þeirra að yrði gert. Ekkert mat fór fram í skýrslunni á áhrifum á umhverfishætti af öðrum valkostum en óbreyttu fyrirkomulagi við urðun, eins og t.d. takmakmarkanir á hvaða efnisstraumar færu í gryfjuna með aukinni

¹

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%3b6gn%20um%20umhverfismats%3bdrslu%20-%20fl%3ba6%3bb0igryfjur%20Grundartanga.pdf>

endurvinnslu og endurnýtingu annarra strauma. Þeir efnaferlar sem lýst er í matsskýrslunni til að gera jónir sem skolist úr úrgangi í flæðigryfjum óskaðlegar snúa að efnahvörfum sýaníðs í óskaðlegri efnasambönd og útfellingu flúoríð, selenat og selenít jóna með yfirmagni kalsíum og magnesíum jóna í sjó og frá viðbættum skeljasandi og því megi gera ráð fyrir því að efnin safnist í umhverfinu yfir tíma. Vatnaáætlun Íslands var samþykkt á árinu 2022 og gerð verður krafa um uppfærslu vöktunar vegna starfsleyfa framkvæmdaraðila m.t.t. vöktunar á gæðapáttum stjórnar vatnamála ásamt vöktun forgangsefna í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að flæðigryfjur til förgunar spilliefna geti varla talist langtímalausn. Stofnunin telur því eðlilegt að sett verði fram tímasett áætlun um aflagningu förgunar í flæðigryfjur með þessum hætti. Að mati framkvæmdaraðila er niðurstaða umhverfismatsins að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á fugla og fjöruvistgerðir. Umhverfisstofnun telur hins vegar, með vísan í óafturkræf áhrif á svartbaksvarp, verndargildi fjörunnar og vistgerðir á lista Bernarsamningsins, að áhrifin verði talsvert neikvæð.

Til viðbótar hafa fyrirtækin Elkem og Norðurál unnið áhrifamat vegna stækkunar flæðigryfja á vatnshlotið Hvalfjörður (104-1330-C) sem Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur